



## Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Félagsgjöld.....	(8) Kr.	4,911,000	4,739,000
Sölustarfsemi í golfskála.....	-	2,457,165	0
Vallargjöld / Sumarkort.....	(9) -	7,141,634	5,037,655
Mótagjöld.....	-	658,000	286,000
Styrktarmót.....	-	260,000	230,000
Styrkir, auglýsingar.....	(10) -	1,996,824	1,413,200
Útleiga á golfbíl og golfbúnaði.....	-	143,400	0
Lottó / Getraunir.....	-	60,368	46,193
Vaxtatekjur-fjármagnstekjuskattur.....	-	2,316	1,482
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>Kr.</b>	<b>17,630,707</b>	<b>11,753,530</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Greiðslur til vallarstjóra-kostnaður.....	Kr.	3,000,000	2,073,400
Greiðslur til skálastjóra-kostnaður.....	-	2,351,000	0
Rekstrarvörur golfskála.....	-	1,499,167	0
Leiga v/golfvallar.....	(11) -	212,310	144,981
Viðhald tækja og skála.....	(12) -	510,866	383,511
Framkvæmdir við golfvöll.....	(13) -	0	0
Rafmagn og hiti.....	-	68,445	62,052
Fasteignagjöld.....	-	333,849	301,970
Rekstrarvörur golfvallar.....	(14) -	1,943,447	1,209,962
Tryggingar.....	-	210,705	271,108
Skattur GSI / HSK.....	(15) -	610,840	536,491
Verðlaun og mótakostnaður.....	-	1,059,664	100,691
Ymiss kostnaður.....	(16) -	240,686	253,319
Vaxtagjöld og bankakostnaður.....	(17) -	232,917	197,034
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>Kr.</b>	<b>12,273,896</b>	<b>5,534,519</b>
<b>Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi.....</b>	<b>Kr.</b>	<b>5,356,811</b>	<b>6,219,011</b>
<b>Oreglulegar tekjur / gjöld:</b>			
Afskriftir véla, tækja og verkfæra.....		-1,513,869	-1,508,837
<b>Oreglulegar tekjur / gjöld samtals</b>	<b>Kr.</b>	<b>-1,513,869</b>	<b>-1,508,837</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins.....</b>	<b>Kr.</b>	<b>3,842,942</b>	<b>4,710,174</b>

Ég undirritaður hef skoðað ársreikning Golfklúbbsins Dalbúa fyrir tímabilið 1.11.2021 - 31.10.2022 og hef ekkert fundið athugasemdir og legg til að hann verði samþykktur.

  
Jón Þ. Hilmarsson



## Efnahagsreikningur 31. okt. 2022

Eignir	Skýr.	2022	2021
<b>Varanlegir rekstrarfjámunir :</b>			
Áhöld og búnaður.....	(2) Kr.	1,691,664	1,120,117
Vélar, tæki og verkfæri.....	(3) -	6,055,478	6,035,347
Bílastæði.....	-	200,000	200,000
Golfvöllur.....	(4) -	12,155,214	11,194,711
Golfskáli.....	(5) -	420,000	420,000
Varanlegir rekstrarfjámunir samtals	Kr.	20,522,356	18,970,175
<b>Veltufjármunir :</b>			
Bankareikningar.....	Kr.	6,358,043	3,890,215
<b>Skammtímakröfur :</b>			
Viðskiptakröfur.....	(6) Kr.	31,590	15,750
Veltufjármunir samtals	Kr.	6,389,633	3,905,965
Eignir alls	Kr.	26,911,989	22,876,140
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé :</b>			
Óráðstafað eigið fé.....	Kr.	22,738,932	18,028,722
Hagnaður (tap) ársins .....	-	3,842,942	4,710,210
Eigið fé samtals	Kr.	26,581,874	22,738,932
<b>Skuldir :</b>			
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Lánveitandi.....	Kr.	0	0
Næsta árs afborgun	-	0	0
	Kr.	0	0
Viðskiptaskuldir.....	(7) Kr.	330,115	137,208
Næsta árs afborgun fjármögnunar.....	-	0	0
Skammtímaskuldir samtals	Kr.	330,115	137,208
Skuldir samtals	Kr.	330,115	137,208
Skuldir og eigið fé alls	Kr.	26,911,989	22,876,140

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Við gerð ársreiknings 2021-2022 er í öllum meginatriðum fylgt hefðbundnum reikningsskilaaðferðum og er fylgt ákvæðum skattalaga við gerð ársreiknings og er fyrningareglum breytt til samræmis við breytingu á skattalögum. Allar tölur eru færðar í heilum krónum.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins eru ekki reiknuð vegna breytinga á lagafyrirmælum um reikningsskil og varanlegir rekstrarfjármunir eru af sömu ástæðu ekki endurmetnir.

## Eignir

2. Áhöld og búnaður eru metnar á kostnaðarverði. Hér er einkum um að ræða áhöld og búnað í golfskála, þ.e. innréttingar, tæki, húsgögn og annan búnað. Keyptir voru nýir fánar og holustangir fyrir brautir vallarins, eldhústæki og búnaður, húsgögn á pall o.fl. búnaður. Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið.
3. Vélar, tæki og verkfæri voru metin á kostnaðarverði í upphafi árs og kaupverði innan ársins.  
- Reiknaðar eru afskriftir (20%) af bókfærðu verðmati véla, tækja og verkfæra í lok árs, og bókfært verð þeirra er í árslok lækkað um kr. 1.513.869.-
4. Unnið var að framkvæmdum við stækkun teiga á nokkrum brautum og áframhaldi uppbyggingar æfingasvæðis, og mun sú vinna halda áfram næsta vetur og sumar, ásamt öðrum framkvæmdum. Innan ársins var greiddur kostnaður að upphæð kr. 960.503.- vegna þessa, en frekari kostnaður vegna framkvæmda mun falla á næsta reikningsár, þ.e. 2022-2023, og hefur verið safnað í sjóð vegna þessa.
5. Golfskáli: Sjá skýringu á eignarhluta GD í skála í ársreikningi 2017-2018. Verðmat eignarhlutans var við upphaf reikningsársins kr. 420.000.- Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið, og er hann því óbreyttur milli ára.
6. Viðskiptakröfur: Tekjur vegna kreditkortagreiðslna á síðasta kortatímabili sumarsins (22.9-22.10.) koma til greiðslu frá Valitor 1. nóvember, þ.e. eftir að reikningsári GD lýkur. Því eru umræddar greiðslur tekjufærðar í ársreikning, en jafnframt skráðar sem viðskiptakröfur.

## Skuldir

7. Skuldir og viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði. Eftirstöðvar skuldar við Grafíu vegna reiknaðrar leigu lands 2005-2016, á grundvelli 7. gr. samnings FBM/Grafíu við GD frá 9. júlí 1994, var í upphafi reikningsársins samtals kr. 137.208.-. Krafan var öll gjaldfærð á reikningsárinu 2016-2017 sem leigukostnaður vegna golfvallar. Skuldin var öll greidd upp innan reikningsársins.  
- Reikningur vegna kaup á grasfræi o.fl. barst eftir lok reikningsárs og er gjaldfærður til að sem best mynd fáist af rekstrarkostnaði, en um leið færður sem viðskiptaskuld, en hann var greiddur á nýju reikningsári.

## Rekstrartekjur

8. Félagsgjöld: Alls greiddu 129 félagar árgjald til GD 2022. Með heiðursfélögum eru félagsmenn 137 talsins í lok starfsársins 2022, en voru 139 í lok árs 2021, sem er örlítill fækkun félaga milli ára. Alls voru 24 nýskráningar félagsmanna innan ársins, en 26 úrsagnir. Tekjur af félagsgjöldum jukust um tæp 4% milli ára; þar sem árlegt félagsgjald er mismunandi eftir hópum (hjólagjöld, eldri félagsmenn o.s.frv.) má benda á að greitt félagsgjald var að meðaltali um kr. 38.100.-.
9. Vallargjöld og sumarkort: Samkvæmt samningi sem gerður var 11. apríl 2022 greiddu GRAFÍA, RSÍ og VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna hvert fyrir sig kr. 600.000 til GD og fengu fyrir þá greiðslu m.a. 20 golfkort sem giltu fyrir 2 á velli Dalbúa sumarið 2021. Greiðslur félaganna, samtals kr. 1.800.000, voru færðar sem hluti tekna af vallargjöldum og sumarkortum í rekstrarreikning.  
- Aðrar tekjur GD af sölu vallargjalda jukust verulega á milli ára, og numu kr. 5.341.634.-.

10. Hefðbundnar tekjur af styrkjum og auglýsingum eru lægri innan reikningsársins 2022 en árið á undan, enda fengust þá umtalsverðir styrkir vegna vélakaupa og framkvæmda við vallarsvæðið. Fyrst og fremst er um að ræða styrki úr sjóðum og skv. samningum. Þá var ákveðið að færa nú til bókar í fyrsta sinn verðmæti styrkja sem aflað var vegna verðlauna á mótum, þ.e. að færa verðmætamat slíkra styrkja til tekna og sem gjöld (verðlaun og mótakostnaður). Þessi skrásetning hefur engin áhrif á fjármagnsflæði GD, en gefur betri upplýsingar en áður var um heildarverðmæti í rekstrinum. Um er að ræða eftirfarandi tekjur:

Styrkur frá Samkaup hf. (samkvæmt samningi v. auglýsingaskiltis)	kr. 200.000.-
Tekjur af sölu Fontana-korta (samkvæmt samning v. auglýsingaskiltis)	kr. 350.000.-
Styrkur frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni (samkvæmt samningi)	kr. 200.000.-
Styrkur frá Bláskógabyggð (jafnhár og álagður fasteignaskattur v. golfskála)	kr. 258.600.-
Aðrir styrkir	<u>kr. 50.224.-</u>
Tekjur af styrkjum og auglýsingum samtals	kr. 1.058.824.-
Verðmat styrkja vegna verðlauna í mótum á vegum GD	kr. 938.000.-

## Rekstrargjöld

11. Leiga vegna golfvallar 2021 á grundvelli 7. gr. samnings FBM/Graffu við GD frá 9. júlí 1994 (5% af félagsgjaldi síðasta fjárhagsárs að frádregnu aðildargjaldi GD í GSÍ), samtals að upphæð kr. 212.310.- er gjaldfærð á árinu.
12. Viðhald tækja og skála er einkum kostnaður vegna viðgerða, þ.e. vinna og varahlutir. Um er að ræða eðlilegt viðhald og viðgerðir, en á árinu urðu engar alvarlegar bilanir á tækjum, og þessi kostnaðarliður því umtalsvert lægri en á síðasta ári. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:
- |   |               |
|---|---------------|
| Brýnsla sláttublaða á öllum vélum, varahlutir o.fl. | kr. 266.200.- |
| Endurnýjun á flaggstöngum og holum fyrir flatir     | kr. 129.126.- |
| Endurnýjun á sláttuhnífum                           | kr. 79.691.-  |
13. Vinna hefur verið haldið áfram við stækkun teiga og frekari uppbyggingu æfingarsvæðis, og mun sú vinna halda áfram veturinn 2022-2023. Á þessu reikningsári hefur verið greiddur kostnaður að upphæð samtals kr. 960.503.- sem er eignfærður og hækkar matsverð golfvallar í efnahagsreikningi (sjá skýringu nr. 4). Aukinn kostnaður vegna framkvæmda mun falla á næsta reikningsár, þ.e. 2022-2023.
14. Kostnaður vegna kaupa á rekstrarvörum hækkar talsvert á milli ára, og er það í samræmi við almennar verðhækkningar og þróun verðlags. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:
- |                                  |               |
|----------------------------------|---------------|
| Olíu-, smurolíu- og síukostnaður | kr. 859.558.- |
| Áburðarkaup                      | kr. 460.000.- |
| Kaup á fræi                      | kr. 330.115.- |
| Prentun á skorkortum             | kr. 92.207.-  |
| Sandur, leiga á valtare o.fl.    | kr. 194.000.- |
15. Svonefnd GSÍ-gjöld vegna greiddra félagsgjalda vega hér þyngst. Þau eru árið 2022 kr. 5.800 af hverju greiddu félagsgjaldi í aðalklúbbi, og samtals kr. 585.200.- á þessu reikningsári. Sú upphæð jafngildir því að 101 félagsmaður hafi haft Dalbúa sem heimaklúbb í skráningu árið 2022, samanborið við 88 árið áður.
16. Hefðbundinn ýmis kostnaður lækkar örlítið milli ára. Nýr kostnaðarliður er símakostnaður, eftir að ljósleiðari var tengdur við golfskála. Helstu liðir sem teknir eru saman hér eru eftirfarandi:
- |  |              |
|--|--------------|
| STEF-gjald                                   | kr. 15.529.- |
| Heilbrigðiseftirlitsgjald                    | kr. 45.571.- |
| Símakostnaður                                | kr. 45.686.- |
| Leiga á pósthólfi (einnig greitt fyrir 2023) | kr. 44.220.- |
| Hýsing vefsíðu                               | kr. 21.984.- |
| Kostnaður vegna vinnudaga GD                 | kr. 48.318.- |
| Ljósritun, pappír, skönnun o.fl.             | kr. 17.378.- |

17. Vaxtagjöld og bankakostnaður vex verulega milli ára. Á síðasta reikningsári var slíkur kostnaður einkum vegna lánaðkostnaðar við vélakaup, sem lokið var á því ári. Á þessu reikningsári er færður til bókar kostnaður vegna greiðslna sem berast annars vegar í gegnum greiðsluposa í golfskála (einn posi fyrir almenna veitingasölu, annar fyrir sölu vallargjalda, útleigu búnaðar og mótagjöld), og hins vegar í gegnum vefsíðuna GolfBox (vallargjöld og öll mótagjöld). Greiðsluposarnir eru leigðir frá Valitor, en netgreiðslur berast í gegnum SaltPay. Loks hefur kostnaður við innheimtu félagsgjalda aukist.

Helstu liðir vaxtagjalda og bankakostnaður eru eftirfarandi:

Valitor - þjónustugjöld og aðrir frádráttarliðir	kr. 155.880.-
SaltPay - þjónustugjöld	kr. 8.699.-
Íslandsbanki - innheimtuþjónusta (vegna árgjalda GD)	kr. 61.054.-